

Hverfisráð Raufarhafnar

1. fundur

25. janúar 2018, kl. 17:00 í Ráðhúsi Raufarhafnar

Mætt voru: Adriana Hagiu, Gísli Þór Briem, Ingibjörg Sigurðardóttir og María Peters Sveinsdóttir.

Hverfisráð leggur til að Gísli Þór Briem verði formaður ráðsins og María Peters Sveinsdóttir ritari. Meðstjórnandi verði Adriana Hagiu. Varamenn eru Ingibjörg Sigurðardóttir og Þóra Soffía Gyldadóttir.

Hverfisráð fékk tilkynningu þann 24. janúar þess efnis að von væri á Jóni Helga Björnssyni, forstjóra HSN, ásamt læknum, til að funda með hverfisráði Raufarhafnar. Boðað var til fundarins kl. 18:00 þann 25. janúar, 2018. Efni fundarins var staða sjúkraflutninga á Raufarhöfn.

Hverfisráð kom saman í klukkustund fyrir ofangreindan fund til að ræða stöðu sjúkraflutninga og áhyggjur íbúa varðandi stöðu mála. Samþykkt var að ræða eftifarandi við gestina um sjúkraflutninga:

- Fyrst og fremst öryggisatriði fyrir íbúa. Það er mikill þrýstingur frá íbúum staðarins um að viðhalda þeiri þjónustu sem nú er
- Vandamál með færð um Hófaskarð ef alltaf þarf treysta á sjúkrabíl frá Þórshöfn
- Fjarlægð frá Raufarhöfn til Þórshafnar og Húsavíkur
- Umræða um sjúkraflutninga á Raufarhöfn samræmist engan veginn aðgerðum Byggðastofnunar undanfarin ár; Raufarhöfn er eitt af þorlum í verkefninu um brothættar byggðir
- Sjúkrabíll á Raufarhöfn getur haft áhrif á fólksflutninga; margir munu veigra sér við að flytja hingað ef ekki er sjúkrabíll á staðnum
- Íbúar Kópaskers og nágrannasveit hafa hingað til getað treyst á sjúkraflutninga frá Raufarhöfn, og vilja eflaust geta gert svo áfram
- Mannréttindamál; hvert mannslíf skiptir máli
- Íbúar Raufarhafnar eru margir hverjir orðnir aldraðir. Aldraðir eiga rétt á áhyggjulausu ævikvöldi
- Hverfisráð ræddi möguleika á að auglýsa eftir fólk með réttindi, og að athuga hvort einhver á Raufarhöfn myndi vilja afla sér réttinda til sjúkraflutninga

Kl. 18:00 hófst fundur með hverfisráði og gestunum Jóni Helga Björnssyni, forstjóra HSN, og læknunum Erni Ragnarssyni og Atla Árnasyni.

Jón Helgi byrjaði fundinn á að fara yfir stöðu mála. Hann talaði um þá einföldun á sjúkraflutningakerfinu sem hefur átt sér stað undanfarin ár, m.a. um vettvangsliðakerfi á Kópaskeri og við Mývatn.

Adriana Hagiu

Jón Helgi útlistaði tvær leiðir varðandi sjúkraflutninga á Raufarhöfn þegar horft væri til framtíðar:

1. Einfalt útkall, eins og er hér núna. Þá er einn fullmenntaður sjúkraflutningamaður á bakvakt sem hefur leyfi til að kalla út annan, sem væri ekki skráður á bakvakt. Þá gæti eitt útkall tryggt stöðugleika sjúklings.
2. Vettvangsliðar. Þjálfaðir yrðu 6-12 manns sem vettvangsliðar. Þá væri hægt að tryggja að u.p.b. 4 myndu mæta ef um bráðatilfelli væri að ræða, eða F1 útkall. Jón Helgi sagði þessa lausn hafa reynst vel bæði á Kópaskeri og við Mývatn.

Meðlimir í hverfisráði fóru yfir áhyggjuefni íbúa Raufarhafnar, og var þeim vel tekið.

Jón Helgi ítrekaði að horfa þyrfti til framtíðar, og sagði að ákvörðun um sjúkraflutningamál Raufarhafnar yrði tekin innan mánaðar.

Undir lok fundar var Atli læknir spurður hvað honum fyndist um þetta mál. Hann sagðist að sjálfsögðu vilja hafa virkan sjúkrabíl á staðnum; það væri engin spurning.

Hverfisráð ákvað að halda þyrfti fund sem fyrst.

Fundi slitið kl. 18:45



The image shows three handwritten signatures or initials in blue ink. One signature is large and stylized, another is smaller and underlined, and a third is a cursive name. There is also some faint, illegible handwriting in the background.